

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar - 598 (20.10.2023) - Heildarendurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030

Málsnúmer : 202005057
Málsaðili : Mosfellsbær
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 20.10.2023

Inngangur : Skipulagsnefnd samþykkti á 588. fundi sínum, þann 14.04.2023, að senda í almenna kynningu frumdrög aðalskipulagsins fyrir umsagnaraðilum, hagaðilum og íbúum sveitarfélagsins. Frumdrög skipulags voru kynnt á vinnslustigi til þess að gefa kost á frekari ábendingum og samtali um ákvæði og stefnumörkun sveitarfélagsins í helstu tillögum landnýtingar til ársins 2040. Samhliða var kynntur rammahluti aðalskipulagsins og viðauki tillögu fyrir íbúðasvæði að Blikastaðalandi. Aðalskipulagið og gögn þess voru auglýst og kynnt í Skipulagsgáttinni, Mosfellingi, Morgunblaðinu og á vef sveitarfélagsins, mos.is. Haldinn var opinn íbúafundur í Hlégarði þann 16.06.2023. Athugasemdafrestur vinnslu tillögu frumdraga var frá 12.06.2023 til og með 12.09.2023. Athugasemdir og umsagnir bárust í gegnum Skipulagsáttina og eru þær lagðar fram í heild sinni til frumkynningar nefndarinnar.

Niðurstaða : Lagt fram og kynnt. Í samræmi við umræður samþykkir skipulagsnefnd með 5 atkvæðum að fela skipulagsfulltrúi frekari rýni, flokkun og greiningu innsendra umsagna. Fjallað verður frekar um umsagnir og aðalskipulag á öðrum fundi.